



# Menntaskólinn í Reykjavík

Fréttir úr skólastarfi

3.tbl.3.árgangur  
Ábm. Elísabet Siemsen

31. janúar 2020

**Nemendur á ferð og flugi!**

Í vor fara 24 nemendur ásamt þremur líffræðikennurum við skólann í rannsóknarleiðangur til Suður-Afríku. Verkefnið er á vegum samtaka sem vinna að náttúru- og dýravernd, auk þess að veita nemendum alls staðar að úr heiminum tækifæri til að kynnst einstöku lífríki. Fyrri vika ferðarinnar verður inni í þjóðgarði þar sem meðal annars finnast hin „stóru fimm“ spendýr. Seinni vikan er við strönd Indlandshafs, þar sem nemendur munu kafa og snorkla við kóralrif og kanna fjölbreytt lífríki þess. Rifið er eina svæðið í heiminum þar sem hinn lifandi steingervingur, holduggi, hefur sést við köfun.



UMSJÓNARKENNARAR MUNU Á NÆSTUNNI TAKA NEMENDUR Í VIÐTÖL. FYRIR FORELDRA BENDUM VIÐ Á VIÐTALSTÍMA UMSJÓNARKENNARA.

## KAUPMANNAHÖFN – BERLÍN – MADRID!

Kennarar í dönsku, þýsku og spænsku fara með nemendur sína í ferðir í febrúar og mars.

## ERASMUS

Skólinn er í samstarfi við allmarga skóla í Evrópu undir merkjum Erasmus+. Nú á vormisseri fara nemendur m.a. til Ítalíu í stærðfræðiverkefni og til Spánnar og Grikklands í verkefni í líffræði.

## FORELDRAKVÖLD

verður haldið á Hátíðasal skólans **25. mars n.k.**

Nánari upplýsingar koma á heimasíðu [Foreldrafélagsins á Facebook](#)

## KÆRU FORRÁÐAMENN.

Nemendur skólans eru öflugir í erlendu samstarfi ekki síður en í keppnum ýmiss konar. Má þar nefna líffræðikeppni sem er nýlokið, efnafræðikeppni og stærðfræðikeppni svo dæmi séu tekin. Árangur nemenda skólans er frábær og hafa nemendur raðað sér í efstu sætin í öllum þessum keppnum.

Til að ná svo góðum árangri er nauðsynlegt að nemendur fái nægan svefn. **Vinum saman að því!**

## SAMSÖNGUR!!

Samsöngur verður á Sal í hádeginu á föstudögum. **Skemmtileg nýjung** sem við vonum að nemendur jafnt sem kennarar muni njóta.